



Borgarráð

Endurskoðun á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis til 2030

Lagt er til að borgarráð samþykki að velferðarsvið og umhverfis- og skipulagssvið hefji endurskoðun á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðisúrræðis fyrir fatlað fólk til 2030 með það að markmiði að fjölga sértækum húsnæðisúrræðum til að mæta auknum fjölda einstaklinga á biðlista, að höfðu samráði við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og Félagsbústaði. Einstaklingum sem hafa þörf fyrir úrræðið skv. umsóknum hefur fjölgað meira á undanförunum árum en áætlað var við gerð uppbyggingaráætlunar árið 2017. Á það sér í lagi við um einstaklinga sem samþykktir hafa verið á biðlista eftir sértækum húsnæðisúrræðum í þjónustuflokkum III og IV. Er ljóst að í einhverjum mæli er þar um að ræða fólk sem flytur til borgarinnar þar sem helst er von um sérhæfð húsnæðisúrræði sem mæta þörfum viðkomandi. Frá árinu 2014 hafa 224 einstaklingar fengið úthlutað húsnæði fyrir fatlað fólk. Eftir að uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk var samþykkt árið 2017 hafa 135 einstaklingar fengið úthlutun. Um er að ræða stærsta uppbyggingaráttak í málaflöknum frá upphafi. Árið 2020 var 47 einstaklingum úthlutað húsnæði fyrir fatlað fólk og er það mesti fjöldi úthlutana á einu ári frá yfirfærslu málaflökksins árið 2011. Ljóst er að framlög ríkisins vegna málaflökks fatlaðs fólks eru ekki að mæta þeim fjármunum sem Reykjavíkurborg er að setja til hans á grundvelli laga.

Þrátt fyrir öfluga uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk á umliðnum árum eru enn 135 einstaklingar sem bíða eftir húsnæði við hæfi. Af þessum einstaklingum eiga 25 manns lögheimili annarsstaðar en í Reykjavík. Aðstæður þessara einstaklingar eru mismunandi en allir eru þeir í þörf fyrir húsnæði og stuðning.

Í vinnu við endurskoðaða uppbyggingaráætlun fyrir sértæk húsnæðisúrræði er gert ráð fyrir að velferðarsvið leggi mat á þörf fyrir mismunandi úrræði og leggi til forgangsroðun þeirra. Eðlilegt er að miða við að einstaklingar sem þurfa aðra og meiri þjónustu en unnt er að veita utan sérhæfðra búsetuúrræða verði í forgangi. Gert er að ráð fyrir að umhverfis- og skipulagssvið geri tillögur að staðsetningu húsnæðisins og eftir atvikum lóða fyrir það á grundvelli dreifingar núverandi og framtíðar búsetuúrræða með það að markmiði að stuðla að félagslegri blöndun um alla borg. Stefnit verði að því að endurskoðuð áætlun liggi fyrir 1. apríl 2022 og liggi til grundvallar við endurskoðun á gildandi húsnæðisáætlun, ásamt fjárhags- og fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson

